

**REGLUGERÐ nr. 348/2007**  
**um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum**  
**með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 172/2013 og reglugerð nr. 43/2014**

---

Tók gildi 24. apríl 2007. Breytt með reglugerð nr. 172/2013 (tók gildi 12. febrúar 2013) og reglugerð nr. 43/2014 (tók gildi 23. janúar 2014).

1. gr.

*Markmið.*

Reglugerð þessari er ætlað að stuðla að auknu öryggi ökumanna og farþega með því að kveða á um skyldubundna notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum sem ætluð eru til aksturs á vegum.

Sérstaklega skal þess gætt að öryggis- og verndarbúnaður fyrir börn hæfi þeim miðað við þyngd þeirra og stærð og sé í samræmi við gerð og búnað viðkomandi ökutækis.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Öryggisbelti: Samsetning af ólum með lássylgju, stillingarbúnaði og festingum sem unnt er að festa við vélknúid ökutæki, hannað til að draga úr hættu á áverkum á þeim er það notar við árekstur eða þegar mjög snögglega er dregið úr hraða ökutækis þannig að notandinn hreyfist úr stað.

Öryggis- og verndarbúnaður barna í ökutækjum:

- a. Barnabílstóll, sem festur er í ökutæki með beltum ökutækis eða barnabílstóll innbyggður í sæti ökutækis. Belti barnabílstólsins festir barnið í stólnum. Barnabílstólar eru ýmist gerðir fyrir aftur- eða framvísandi stöðu.
- b. Beltispúði með eða án baks. Beltispúðinn og barnið er fest í ökutækið með beltum ökutækis. Beltispúðar eru eingöngu gerðir fyrir framvísandi stöðu.
- c. Annar viðurkenndur öryggis- og verndarbúnaður sem ætlað er að tryggja öryggi barna í ökutækjum á ferð.

3. gr.

*Notkun öryggisbelta í ökutækjum.*

Sá sem situr í sæti ökutækis, sem búið er öryggisbelti, skal nota það meðan ökutæki er á ferð, með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 5. gr.

Ökumaður skal sjá til þess að farþegi yngri en 15 ára noti lögbundinn öryggis- og verndarbúnað þegar ökutæki er á ferð.

4. gr.

*Upplýsingar um notkun öryggisbelta í hóp bifreiðum.*

Farþegar hóp bifreiðar skulu fá upplýsingar um skyldu til að nota öryggisbelti í upphafi ferðar frá ökumanni hóp bifreiðarinnar, leiðsögumanni eða fararstjóra eða með hljóð- eða myndbandsupptöku. Þó skal ökumaður ganga úr skugga um að farþegar í framsætum hóp bifreiðar og fremstu röð farþegasæta noti öryggisbelti.

Í hóp bifreiðum skal auk þess komið fyrir tákmynd með myndrænum upplýsingum um skyldu til að nota öryggisbelti, sbr. I. viðauka, sem sjá má greinilega úr öllum sætum hóp bifreiðarinnar.

Við skólaakstur skal ökumaður eftir föngum kynna fyrir farþegum mikilvægi þess að nota öryggisbúnað og leita í því efni eftir samstarfi við skólafirvöld þegar börn eru farþegar í hóp bifreið, sem skráð er til að aka skólabörnum.

5. gr.

*Undanþága frá notkun öryggisbeltis.*

Ekki er skylt að nota öryggisbelti í ökutæki í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði og við sambærilegar aðstæður.
- b. Við erfiðar eða hættulegar aðstæður utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta er á skriðuföllum eða snjóflóðum.
- c. Í lögreglubifreiðum við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, svo og við sérstaka öryggisgæslu.
- d. Í leigubílaakstri við flutning farþega í atvinnuskyni.
- e. Þegar ekið er í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og fara þarf úr og í ökutæki með stuttu millibili.
- f. Þegar heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður valda því að ökumaður eða farþegi ökutækis er undanþeginn notkun öryggisbeltis á grundvelli læknisvottorðs. Læknisvottorði skal framvísað sé þess óskað.

6. gr.

*Öryggi barna í ökutækjum.*

Ökumaður skal sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess, sbr. II. viðauka.

Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 150 cm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Í hóp bifreið er þó leyfilegt að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn sem er til staðar í bifreiðinni.

Barn í barnabílstól sem vísar aftur og barn undir 150 cm að hæð má ekki vera í farþegasæti með öryggispúða fyrir framan.

Þess skal ávallt gætt að notaður sé öryggisbúnaður sem er í samræmi við þyngd barns, sbr. II.

viðauka.

Öryggis- og verndarbúnaður barna sem notaður er í ökutækjum skal merktur og ávallt uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í III. viðauka í reglugerð þessari.

Heimilt er að víkja frá kröfum 1.-5. mgr. þegar heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður krefjast þess. Skal slíkt einungis gert á grundvelli læknisvottorðs viðkomandi barns og skal vottorðinu framvísað sé þess óskað.

#### 7. gr.

*Innflutningur, markaðssetning og sala öryggisbúnaðar barna í ökutækjum.*

Einungis má flytja inn, markaðssetja og selja öryggis- og verndarbúnað barna til notkunar í ökutækjum að uppfylltar séu kröfur til slíks búnaðar í samræmi við III. viðauka í reglugerð þessari.

Ákvæði þetta á við um allan innflutning, hvort sem hann er vegna einkanota eða í viðskiptalegum tilgangi.

7. gr. a. Markaðseftirlit með ákvæðum þessarar reglugerðar er hjá Neytendastofu. Um málsmeðferð og úrræði fer nánar eftir ákvæðum laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Reglugerð þessi er sett með heimild í 71. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi að undanskilinni 2. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2013.

#### 8. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE frá 16. desember 1991 um skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 7/1994 frá 21. mars 1994 sem birtist í EES-viðauka nr. 17, 1994, bls. 68.
- b. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 155/2003 frá 7. nóvember 2003 sem birtist í EES-viðauka nr. 7, 2004, bls. 35.

#### 9. gr.

*Viðaukar.*

Eftirfarandi viðaukar fylgja reglugerðinni og eru hlutar hennar:

I. viðauki – Tákmynd sem tilgreinir skyldu til að nota öryggisbelti í hóp bifreiðum.

II. viðauki – Flokkun öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börn í ökutækjum.

III. viðauki – Kröfur til gerðar öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börn í ökutækjum.

10. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIV. kafla umferðarlaga nr. 50/1987.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 71. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis nr. 204/1993.

*Samgönguráðuneytinu, 19. apríl 2007.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## I. VIÐAUKI

Tákmynd sem sett er upp í hóp bifreið og sýnir hvernig spenna skal öryggisbelti.

Tákmyndin skal sjást greinilega úr öllum sætum bifreiðarinnar sem búin eru öryggisbeltum.

Litur: hvít mynd á bláum grunni.



## II. VIÐAUKI

Öryggis- og verndarbúnaður fyrir börn í ökutækjum er flokkaður í fimm flokka miðað við þyngd barns:

Flokkur O, barn léttara en 10 kg.

Flokkur O+, barn léttara en 13 kg.

Flokkur I, barn sem vegur 9-18 kg.

Flokkur II, barn sem vegur 15-25 kg.

Flokkur III, barn sem vegur 22-36 kg.


### III. VIÐAUKI

Öryggis- og verndarbúnaður barna í ökutækjum skal uppfylla kröfur samkvæmt reglum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE), ECE-reglur nr. 44.04, sbr og tilskipun 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelt og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum að tækniframförum, með síðari uppfærslum reglnanna og tilskipunarinnar.

Merking þess efnis skal vera á áberandi stað á búnaðinum þannig:



eða í samræmi við tilskipunina með síðari breytingum:



Talan á eftir e merkinu vísar til þess lands sem varan er framleidd í.